

## Fyrirspurn

til dómsmálaráðherra um ofbeldi í nánum samböndum.

Frá Bryndísi Haraldsdóttur.

1. Hve mörg manndráp hafa orðið á Íslandi í tengslum við ofbeldi í nánum samböndum frá árinu 2000?
2. Hve hátt hlutfall manndrápa á Íslandi frá árinu 2000 hefur tengst ofbeldi í nánum samböndum?
3. Hefur verið framkvæmd athugun á fjölda tilkynninga til lögreglu vegna ofbeldis í nánu sambandi í aðdraganda manndrápa sem tengjast slíku ofbeldi?

Skriflegt svar óskast.